



Reykjavík, 16. júlí 2026

FAS26010019

Borgarráð

Forsendur fjárhagsáætlunar 2027 og fimm ára áætlunar 2027-2031

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2027 og forsendur fimm ára áætlunar 2027-2031

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2026	2027	2028	2029	2030	2031
Vísitala neysluverðs	5,2	4,0	3,8	3,5	3,4	3,2
Launaþróun	7,0	6,5	5,2	4,9	4,8	4,6
Mannfjöldaaukning	0,9	0,8	1,3	1,3	1,3	1,3

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um þróun vísitölu neysluverðs á milli ársloka 2025 og 2026 annars vegar og ársloka 2026 og 2027 hins vegar.

Breyting vísitölu neysluverðs des - des (%)	2026	2027
Vísitala neysluverðs	4,9	4,0

Efnahagshorfur

Hagstofa Íslands hefur hætt birtingu þjóðhagsspáa. Við ákvörðun þeirra efnahagsforsendna sem hér liggja til grundvallar er því stuðst við grunnspá Seðlabanka Íslands ásamt spám viðskiptabankanna. Þá er jafnframt litið til verðbólguálags á skuldabréfamarkaði, sem endurspeglar verðbólguvæntingar markaðsaðila, auk mats fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Mikil óvissa er um efnahagshorfur. Árið 2025 nam hagvöxtur um 1,3% en hagvaxtarhorfur fyrir yfirstandandi ár hafa versnað í kjölfar stríðsátaka og aukinnar verðbólgu. Samkvæmt grunnspá Seðlabanka Íslands er nú gert ráð fyrir 1,6% hagvexti í ár, sem er 0,4 prósentum minni vöxtur en bankinn spáði í febrúar. Árið 2027 er spáð 1,8% hagvexti, en 2,2% árið 2028 og er vextinum því ætlað að nálgast langtímahagvaxtargetu þjóðarbúsins.

Verðbólga jókst á ný í upphafi ársins eftir að hafa hjaðnað nokkuð á síðasta ári. Árið 2025 mældist meðalárshækkun vísitölu neysluverðs 4,1%, en á fyrsta ársfjórðungi 2026 var hún komin í 5,2% að meðaltali og mældist aftur 5,2% í júní eftir örlitla lækkun þess á milli. Aukningin endurspeglar þráláttra innlenda verðbólgu og bein áhrif af hækkun olíuverðs í kjölfar stríðsátaka. Samkvæmt grunnspá Seðlabankans er gert ráð fyrir að verðbólga verði að meðaltali 5,2% á árinu 2026. Áfram er gert ráð fyrir að verðbólga



Reykjavík



hjaðni smám saman á spátímanum, úr 4,0% árið 2027 í 3,8% árið 2028, 3,5% árið 2029, 3,4% árið 2030 og 3,2% árið 2031. Verðbólga helst því yfir 2,5% verðból gumarkmiði Seðlabankans allan spátímann en nær inn fyrir vikmörk markmiðsins.

Vaxtastig hefur haldist hátt undanfarin ár vegna baráttunnar við verðbólgu og hefur peningastefnunefnd Seðlabankans á ný hafið vaxtahækkunarferli í ljósi versnandi verðbólguhorfa. Eftir vaxtalækkunar á síðasta ári hækkaði nefndin meginvexti bankans um 0,25 prósentur í mars 2026 og aftur um 0,25 prósentur í maí, og eru meginvextir bankans því 7,75%. Raunvextir bankans eru nú um 2,9%. Markaðsaðilar virðast gera ráð fyrir frekari hækkun vaxta á komandi misserum og að þeir taki ekki að lækka á ný fyrr en í byrjun árs 2028.

Laun hafa hækkað mikið undanfarin ár og umfram það sem til lengri tíma samrýmist 2,5% verðból gumarkmiði. Launavísitalan hækkaði um 7,1% milli ára á fyrsta ársfjórðungi 2026 þegar kjarasamningsbundnar hækkunar á almennum vinnumarkaði komu til framkvæmda. Launakostnaður á Íslandi er nú orðinn hærri en í flestum okkar viðskiptalöndum og hefur samkeppnisstaða þjóðarbúsins af þeim sökum versnað. Útlit er fyrir að endurskoðunarákvæði kjarasamninga virkist í ágúst, þar sem verðbólga stefnir í að mælast yfir 4,7% viðmiði, og er nokkur óvissa um hvort samningum verði sagt upp og samið um enn meiri launahækkunar. Í forsendum áætlunarinnar er gert ráð fyrir að nafnlaun hækki um 6,5% árið 2027 en að hægi á hækkunum eftir það, í 5,2% árið 2028, 4,9% árið 2029, 4,8% árið 2030 og 4,6% árið 2031.

Atvinnuþátttaka mælist áfram mikil í sögulegu samhengi, en atvinnuleysi hefur aukist að undanfögnu samhliða því að dregið hefur úr umsvifum á vinnumarkaði. Árið 2025 var það að meðaltali 4,3%, en skráð óárstíðarleiðrétt atvinnuleysi mældist 4,2% í maí 2026 og atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar 6,7% á fyrsta ársfjórðungi. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðskönnun verði 5,7% árið 2026, en lækki í 5,0% árið 2027. Störfum hefur hætt að fjölga, en framboð á vinnuafli hefur aukist, og benda flestir mælikvarðar því til þess að slaki hafi myndast á vinnumarkaði. Í forsendum áætlunarinnar er stuðst við spá Seðlabankans um 5,7% atvinnuleysi árið 2026 og 5,0% árið 2027. Jafnvægisatvinnuleysi, það atvinnuleysisstig sem samrýmist stöðugri verðbólgu, er talið vera um 4%. Þar sem gert er ráð fyrir að verðbólga haldist yfir verðból gumarkmiði allan spátímann er gert ráð fyrir að atvinnuleysi haldist einnig nokkuð yfir 4% á tímabilinu.

Mannfjöldaaukning hefur verið veruleg undanfarin ár en hægt hefur á henni. Íbúum landsins fjölgaði um 0,9% milli ára á fyrsta ársfjórðungi 2026 og eru búferlaflutningar erlendra ríkisborgara sem fyrr megindrífkraftur fjölgunarinnar. Gert er ráð fyrir að áfram dragi úr fólksfjölgun en að hún haldi áfram að styðja við vöxt hagkerfisins til lengri tíma litið. Samkvæmt forsendum áætlunarinnar hægir verulega á fólksfjölgun árið 2027, þegar íbúum fjölga um 0,8%, en eftir það er gert ráð fyrir að fólksfjölgunin fari aftur í sögulegt meðaltal Reykjavíkur sem er um 1,3% á ári út spátímann (2028–2031).

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík